

## Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 19. október 2021

---

**Mætt:** Helga Guðný Sigurðardóttir, Anna Rós Sigmundsdótti, Ragna Finnbogadóttir, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen, Stefania Jóna Nielsen, Adalsteinn Möller og Jóhannes Hlynur Hauksson.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkaskipting stjórnar
3. Styrkir
4. Dagskrá komandi vetrar
5. Foreldrarölt
6. Hrekkjavaka
7. Önnur mál

### Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. Stjórnarmeðlimir skiptu með sér eftirfarandi verkum:
  - Formaður – Kristjana
  - Gjaldkeri – Stefanía
  - Ritari – Helga Guðný
  - Samskipta og fjölmiðlafulltrúi – Sigríður Þrúður
  - Jólaföndursfulltrúi – Aðalsteinn og Jóhannes
  - Vorhátíðarfulltrúi – Aðalsteinn
  - Röltstjóri - Ragna
  - Samkópsfulltrúi – Kristjana
3. Samþykkt var að halda bekkjarstyrkjum óbreyttum kr. 10.000.- á bekk eða 30.000.- fyrir árgang þar sem ekki eru bekkir. Rútustyrkir eru 2.500.- á nemanda sem fer í ferð, þeir voru hækkaðir á síðasta tímabili. Rútustyrkjum er úthlutað til barna í 7 bekk (Reykir), 9 bekk (Laugar) og 10 bekk (útskriftarferð). Foreldrafélagið samþykkti að styrkja skólann og kaupa 6 skákborð, Björg Baldursdóttir skólastjóri pantar skákborðin.
4. Stefnt er að því að hafa jólaföndur, vorhátíð, fræðslufyrirlestra og bekkjarfulltrúufræðslu. Stjórn tekur við ábendingum um áhugaverða fyrirlestra.
5. Röltleikarnir halda áfram og hægt verður að ganga tvisvar fyrir hvert barn. Við hvetjum alla foreldra til að taka þátt í þessu flotta og skemmtilega forvarnarstarfi og kynnst um leið öðrum foreldrum í bekknum. Sjá frekari upplýsingar á facebook síðu foreldrafélags Kársnesskóla.

6. Nú líður að Hrekkjavöku og hvetur stjórn foreldrafélagsins bekkjarfulltrúa og foreldra til að skipuleggja hrekkjavökuball eða eitthvað skemmtilegt fyrir börnin. Það er í boði að fá sal skólans fimmtudag, föstudag og laugardag. Jón Árni húsvörður tekur við fyrirspurnum.
7. Mikið hefur verið um kvartanir barna um hávaða í matsal á matmálstíma. Óskað verður eftir mælingu á hljóðvíst í matmálstíma, mikilvægt er að mælt sé á matmálstíma hvers skólastigs fyrir sig. Óskað verður eftir niðurstöðum og/eða afriti af mælingum.

Aðalsteinn reiknar út hvaða bekkur vann foreldrarölsleikana 2020-2021.

Aðalsteinn hefur mikinn áhuga á að endurvekjja skíðaferðir skólans og ætlar að taka að sér að skipuleggja í samráði við skólann.

Kristjana hvetur alla til að koma með tillögu að hugmynd – Okkar kópavogur 2021-2023.

Við minnum á að hægt er að sækja um bekkjarstyrki og netfangið er [foreldrafelag-kars@kopavogur.is](mailto:foreldrafelag-kars@kopavogur.is)

**Fundi slitið.**